

11. gr.

95

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar þess fullgerðir fyrir 25. júní aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og svo öllum gjöldum, er af starfsemi félagsins leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af tveim þriðju félagsmanna. Gildir hún til fimm ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Þó geta þeir, sem telja sig vanhaldna um skiptingu arðs, krafizt þess, að skorið sé úr ágreiningi með mati.

13. gr.

Félagsmenn skulu greiða kostnað af starfsemi félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta öllum arði samkvæmt 12. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

14. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að fimm hundruð krónum, og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema tveir þriðju mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna og hafi þess verið getið í fundarboði.

16. gr.

Félaginu má slíta ef tveir þriðju félagsmanna óska þess.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

A R Ð S K R Á

96

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangár.

25. júní

Hrappsstaðir	11	hundraðshluti
Hóll	8	—
Garðshorn	3	—
Háls	6	—
Torfunes	9	—
Ófeigsstaðir	8	—
Þóroddsstaður og Staðarholt	9	—
Finnsstaðir	1	—
Fellssel	10	—
Yztafell	15	—

96
25. júní

Hlið 2 hundraðshlutir
Gvendarstaðir 18

—
Alls 100 hundraðshlutir

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

97
26. júní

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Seyðisfjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á svo nefndri Wathneseign á Seyðisfirði

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1942 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

98
29. júní

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík, nr. 58
5. júní 1937.

Í 1. mgr. 2. gr. í stað orðanna „kl. 7 síðdegis“ komi: kl. 6½ síðdegis, og í stað orðanna „kl. 8½ árdegis“ í sömu mgr. komi: kl. 9 árdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.